

Nd.

60. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á skipi til strandferða.

Frá samgöngumálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja um 500 smálesta skip til strandferða, ásamt »Esju«, frá í ágúst og fram í desember næstk., er aðallega annist vöruflutninga með ströndum fram, en hafi þó nokkurt farþegarúm.

Greinargerð.

Með þingsályktun 13. maí f. á., var ákveðið að skipa 5 manna nefnd, ólaunaða, milli þinga, til þess að gera tillögur um skipun strandferða. Nefndin var skipuð með brjefi ráðherra 9 júlí f. á., og hefir hún 12. þ. m. skilað svo-feldu álit:

.....
»Eftir að hafa haldið fundi um málið, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að mikil þörf sje á því, að strandferðirnar sjeu auknar og bættar. Til þess að bæta samgöngurnar með ströndum fram, geta ýmsar leiðir komið til greina, og hefir nefndin orðið ásátt um að leggja fram eftirfarandi tillögur, sem svo má velja á milli, eftir því sem stjórn og Alþingi þykir best henta.

1. Tillaga:

Að byggja annað strandferðaskip eins og es. »Esju«, sem vjer gerum ráð fyrir að kosta muni um. kr. 650.000.00
Árlegur styrkur til rekstursins — 180.000.00

2. Tillaga:

Að byggja skip, sem aðallega væri vöruflutningaskip, en hefði þó einhvern farþegaútbúnað, og teljum vjer, að það muni kosta um ... kr. 500—525.000.00

Árlegur styrkur til reksturs þess — 160.000.00
 Hvað þessar tillögur snertir, þá álitum vjer, að ef til vill sje ekki enn kominn tími til þess að framkvæma þær, vegna þess hve enn er dýrt að byggja skip, enda þótt það væri æskilegast.

3. Tillaga:

Að kaupa notað vöruflutningaskip, um 500 smál., en með nokkrum farþegaútbúnaði eða möguleika til þess að koma fyrir einhverju farþegarúmi. Áætlum vjer, að það muni kosta um kr. 300—325.000.00

Árlegur styrkur til rekstursins (hærrí vegna meiri kolaeyðslu)..... — 175.000.00

Við þessa tillögu er það að athuga, að mjög erfitt er að fá slíkt skip, sem hefir farþegaútbúnað og oss hentar vel, og enda þótt notast mætti við það út úr neyð um tíma, þá verður það aldrei til frambúðar; auk þess verður viðhaldskostnaður á gömlum skipum ávalt mikill, ennfremur allmikill kostnaður við breytingu á skipinu, og loks verða flokkunarviðgerðir mjög dýrar.

4. Tillaga:

Að leigja um 500 smál. vöruflutningaskip til strandferða 8 mánuði ársins. Gerum vjer ráð fyrir, að sá kostnaður yrði:

Gjöld (leiga af skipinu o. fl.) um kr. 230.000.00

Tekjur — 135.000.00

Styrkur til rekstursins — 95.000.00

Ætlumst vjer til þess, að skip það, sem tekið yrði á leigu, hefði dálitið farþegarúm og að það annaðist strandferðirnar ásamt e.s. Esju frá því í apríl og þangað til um miðjan desembermánuð. Álitum vjer það mjög æskilegt, ef þetta ráð yrði tekið fyrst um sinn, með því að þetta myndi bæta strandferðirnar mikið, enda þótt vjer sjáum vel ýmsa ágalla á því að leigja erlent skip til strandferða hjer við land. Ef stjórn og Alþingi telur þessa tillögu hafa of mikinn kostnað í för með sjer, viljum vjer leggja mikla áherslu á það, að síðasta tillaga vor, sú sem hjer fer á eftir, verði framkvæmd.

5. Tillaga:

Að leigja um 500 smál. vöruflutningaskip til strandferða um 4 mánuði, frá því í ágúst og þangað til í desember, og gerum vjer ráð fyrir að styrkur sá, sem muni þurfa til þess, nemi um kr. 45.000.00.

Þyrfti að vera einhver litilsháttar farþegaútbúnaður í skipi þessu, og með því að leigja það frá því í miðjum ágúst, má byrja strandferðirnar þ. 1. september og halda þeim áfram þangað til í byrjun desember, sem er mesti annatíminn vegna haustvöruflutninga. Hefir það komið í ljós, að e.s. Esja getur ekki náðar nærri annað þeim flutningum ein, en á þessum tíma riður mikið á því, að afurðirnar, svo sem ull, kjöt, gærur, fiskur o. fl., náist frá lakari höfnunum, svo að hægt sje að koma þeim í tíma til útlanda, og einnig er oft áriðandi á þessum tíma að geta komið vörum milli hafna og til Reykjavíkur utan af landi.

Ef stjórn og Alþingi kýs að framkvæma síðastnefndu tillögunu, viljum vjer jafnframt mæla með því, að þá verði veittur styrkur til mótorskipa, sem haldið gæti uppi ferðum milli Hornafjarðar og Skála á Langanesi á tímabilinu frá því í mars og til júniloka og aftur frá 1. september og þangað til í nóvember, þar sem vjer álitum, að sá hluti landsins hafi þá mesta þörf fyrir auknar strandferðir.

Reykjavík, 12. febrúar 1926.

Virðingarfylst.

Emil Nielsen. Garðar Gíslason. Jónas Jónsson.

Kristján Jónsson S. Sigurðsson
(með fyrirvara). (með fyrirvara).

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Samgöngumálanefnd neðri deildar hefir, eftir ósk ráðherra, tekið fram-
anritað álit millipinganevndarinnar til meðferðar, og hefir hún, eftir að hafa
borið málið undir samgöngumálanefnd efri deildar, orðið sammála um að
taka þegar upp 5. tillögu millipinganevndar og flytja um hana framanskráða
þingsályktunartillögu.

Ætlumst vjer til, að leiguskip það, sem ályktunin ræðir um, geti hafið
strandferðir seint í ágúst eða fyrst í september og haldið þeim áfram að minsta
kosti til 15. desember. Ætti haustvöruflutningur allur að verða greiðari og
haganlegri meðan það gengur og »Esju« þá að gefast svigrúm til fljótari og
fleiri ferða með pósti og farþega en ella, enda líklegt, að takmarka mætti
kostnað við rekstur sumra flóabáta og jafnvel fella þá niður að haustinu, svo
sem Hornafjarðarbat.

Aðrar tillögur millipinganevndarinnar hefir samgöngumálanefnd eigi
sjeð sjer fært að aðhyllast, aðallega vegna kostnaðarins.

Vjer álitum að visu, að stefna beri að tíðari og meiri strandferðum
en fengist geta með Esju-ferðum og leiguskipi að haustinu og að rekstur
þeirra geti eigi haganlegur orðið fyr en aðgreindir eru að mestu vöruflutn-
ingar og flutningur pósts og farþega og hentugt, innlent flutningaskip fer
strandferðir ásamt »Esju«; en vjer teljum samt, að með umræddu leiguskipi
að haustinu geti mikilsverð samgöngubót fengist á þessu ári og gagnleg reynsla
fyrir tilhögun strandferða eftirleiðis.